







Kynning á uppgjöri 2. ársfjórðungs 2022

Magnús Kr. Ingason

Framkvæmdstjóri Fjármálasviðs




HELSTU NIÐURSTÖÐUR 2F 2022



REKSTUR SAMSTÆÐUNNAR Á 2F 2022






Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	29.936	24.326	5.610	23,1%
Framlegð af vörusölu	7.325	6.106	1.220	20,0%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	482	603	(122)	-20,2%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(3.408)	(3.017)	(391)	13,0%
Annar rekstrarkostnaður	(1.489)	(1.234)	(255)	20,7%
EBITDA	2.911	2.458	452	18,4%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	39,7%	40,3%	-0,6%	-1,3%
Laun/framlegð af vörusölu	46,5%	49,4%	-2,9%	-5,8%
Hagnaður á hlut	4,45	3,21	1,24	38,6%

- Tekjur af vöru og þjónustusölu nam 29.936 millj. kr. Aukningin nam um 5.610 millj. kr. eða 23,1% á milli ára.
- Framlegð af vörusölu nam 7.325 millj. kr. Aukningin nam um 1.220 millj. kr. eða 20,0% á milli ára.
- Áframhaldandi hækkunir á hrávöru-, flutnings og dreifingarkostnaði auka veltu og lækka framlegðarstig.
- Launa og starfsmannakostnaður nam 3.408 millj. kr., hækkun um 391 millj. kr. eða 13,0% milli ára.
- 1.237 stöðugildi, aukning um 43 eða 3,6% á milli ára.
- EBITDA 2.911 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2022, hækkun um 452 millj. kr. eða 18,4% milli ára.



FRAMLEGÐ



- Framlegð í krónum eykst í öllum flokkum frá 2F 2021.
- Framlegð af dagvöru eykst um 5,7% frá fyrra ári, eldsneyti og rafmagn eykst um 62,2%, raftæki aukast um 6,5% og aðrar vörur aukast um 28,6% milli ára.
- Heildarframlegð eykst um 20,0% og er 7.325 millj. kr. á fjórðungnum samanborið við 6.106 millj. kr. á 2F 2021.
- Framlegðarhlutfallið á 2F 2022 var 24,5% og lækkar um 0,6 p.p. vegna m.a. hækkunar hrávöruverðs og alþjóðlegrar verðbólgu.



LAUN OG STARFSMANNAKOSTNAÐUR Á 2F 2022

- Laun og starfsmannakostnaður hækkar um 391 millj. kr. á milli ára.
- Stöðugildum fjölgar um 43 milli ára og nemur hækkunin 107 millj. kr.
- Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana nemur 128 millj. kr. en tvær samningsbundnar launahækkanir voru milli tímabila, í janúar og apríl 2022.
- Starfsmannakostnaður eykst um 66 millj. kr.
- Aðrir liðir hækka um 107 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld samtals 2F 2021	3.017
Stöðugildi - breyting	107
Samningsbundnar launahækkanir	128
Orlofsskuldbinding	(16)
Starfsmannakostnaður	66
Annað	107
Laun og launatengd gjöld samtals 2F 2022	3.408




ÁHRIFARÆTTIR 2F 2022

Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli 2F 2021 og 2F 2022:

- Meðalverð gasolíu var 1.203 dollarar í samanburði við 561 dollara á 2F 2021, hækkun um 115%
- Meðalverð á bensíni var 1.294 dollarar í samanburði við 669 dollara á 2F 2021, hækkun um 94%


Verðþróun á Mogas 95 og Diesel



Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 2F 2022:

- USD styrktist um 4,5% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 2F nam 5,9%
- EUR veiktist um 2,2% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 2F nam 4,1%


Þróun á gengi gjaldmiðla




STARFSÞÁTTAYFIRLIT SAMSTÆÐUNNAR 2F 2022

Milljónir króna	N1	Krónan	Elko	Önnur félög	Samtals
Heildartekjur starfsþátta	13.877	12.415	3.950	1.852	32.094
Heildarrekstrargjöld starfsþátta	(12.205)	(11.486)	(3.607)	(1.002)	(28.299)
EBITDA starfsþátta	1.672	929	343	850	3.794
Afskriftir starfsþátta	(654)	(442)	(127)	(264)	(1.487)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	0	(33)	(33)
EBIT Rekstrarafkoma starfsþátta	1.018	487	217	553	2.274
Hrein fjármagnsgjöld	(175)	(108)	(11)	(547)	(841)
Áhrif hlutdeildarféлага og tap af sölu eignarhl.	0	0	0	106	106
Tekjuskattur	(169)	(76)	(41)	4	(281)
Hagnaður ársfjórðungsins	674	303	164	116	1.258
Eignir starfsþátta	28.886	18.872	5.687	37.753	91.198
Fjárfestingar starfsþátta	471	891	336	1.418	3.115
Skuldir starfsþátta	18.965	15.052	4.624	19.574	58.215

EBITDA starfsþátta



Eignir starfsþátta



N1 HELSTU NIÐURSTÖÐUR 2F 2022



- Tekjur námu 13.877 millj. kr., aukning um 4.601 millj. kr. eða 49,6% á milli ára.
- Sala á eldsneyti og rafmagni jókst milli ára um 4.078 millj. kr. eða 71,3% á milli ára. Salan nam 49,3 millj. lítrum sem er 10,2% meiri en á síðasta ári en verðhækkun eldsneytis milli fjórðunga hefur hér önnur áhrif.
- Sala á öðrum vörum jókst um 385 millj. kr. eða 19,9% milli ára. Mikil aukning í þjónustutekjum, sölu efnavara og hjólbarða.
- Framlegð af eldsneytis og rafmagnssölu nam 1.963 millj. kr., aukning um 753 millj. kr. eða 62,2% milli ára. Jákvæð áhrif vegna olíuvarnarsamninga nema 55 millj. kr. milli ára.
- Framlegð af öðrum vörum og þjónustu nam 1.019 millj. kr., aukning um 227 millj. kr. eða 28,6% á milli ára.
- EBITDA var 1.672 millj. kr. sem er aukning um 715 millj. kr. eða 74,7% á milli ára.

	2F 2022	2F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	13.877	9.275	4.601	49,6%
Heildargjöld	(12.205)	(8.318)	(3.887)	46,7%
EBITDA	1.672	957	715	74,7%
EBITDA-hlutfall	12,0%	10,3%	+1,7 p.p.	16,8%
EBIT	1.018	469	549	117,0%
EBIT-hlutfall	7,3%	5,1%	+2,3 p.p.	45,0%
Hagnaður	674	187	488	260,9%

 **95**
Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **11**
Hjólbarða- og
smurverkstæði

 **13**
Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

NÝJAR STAÐSETNINGAR OG ÞJÓNUSTA



- Í júní opnaði ný þjónustustöð N1 á Mývatni.
- Hleðslustöðvum hefur verið fjölgað við Staðarskála og nýjar settar upp á helstu lykilstaðsetningum.
- Nýtt húsnæði keypt að Klettagörðum 4, um 2.000 fm sem verður tekið í notkun í ágúst fyrir bílaþjónustuna. Mikið bætt aðstaða við móttöku á stærri bifreiðum.
- Djúsi og Ísey Skeyr bar opnuðu á tveimur nýjum staðsetningum við Háholt Mosfellsbæ og í Borgartúni.
- N1 sér um afhendingu á þjónustustöðvum sínum fyrir Dropp og hefur orðið fimmföldun í afhendingum á milli ára.
- Mikil aukning hefur orðið í vefverslun eða tvöföldun á milli ára.
- N1 appið mun opna fyrir prófanir hjá almenningi á næstu vikum.
- N1 hefur verið sýnilegt í sumar í tengslum við stóra íþróttaviðburði og ber hæst EM kvenna þar sem lögð var áhersla á hvatningu til ungs íþróttafólks og N1 mótið fór fram á Akureyri með yfir 2.000 keppendum.



Mývatn – Opnaði í júní



EM kvenna – Hvatning til ungs íþróttafólks

KRÓNAN HELSTU NIÐURSTÖÐUR 2F 2022



- Tekjur 12.415 millj. kr. hækkun um 465 millj. kr. eða 3,9% á milli ára.
- Tvær verslanir seldar um mitt ár í fyrra en ein ný opnaði í Borgartúni 12 maí sl. Like for like tekjur eru að hækka um 6% milli ára.
- EBITDA 929 millj. kr., lækkun um 185 millj. kr. eða 16,6% á milli ára.
- Ástand á hráefnismörkuðum erfitt vegna stríðsins í Úkraínu sem hefur áhrif á verð og vöruframboð.
- Miklar hækkunir á flutningskostnaði, umbúðakostnaði ofl. sem hefur áhrif á verðbólgu á alþjóðavísu.
- Framlegðarstig undir þrýstingi vegna þessa.
- Leitað er allra leiða til að tryggja vöruúrval og auka hagkvæmni til að vinna gegn þeim verðhækkunum sem nú ganga yfir.

	2F 2022	2F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	12.415	11.951	465	3,9%
Heildargjöld	(11.486)	(10.836)	(650)	6,0%
EBITDA	929	1.114	(185)	-16,6%
EBITDA-hlutfall	7,5%	9,3%	-1,8 p.p.	-19,7%
EBIT	487	738	(251)	-34,0%
EBIT-hlutfall	3,9%	6,2%	-2,3 p.p.	-36,5%
Hagnaður	303	503	(200)	-39,7%



Matvöruverslanir



Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með Svansvottun



Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

VERÐLAG OG ÞRÓUN INNKAUPSVERÐS



- Verðhækkanir frá innlendum birgjum og framleiðendum áberandi á árinu.
- Verðhækkanir einnig frá erlendum birgjum en styrking krónunnar hefur dregið úr þeim hækkunum.
- Orku- og flutningskostnaður hefur haldið áfram að hækka á öðrum ársfjórðungi og óvissa er með framhaldið.
- Greinileg merki þess að viðskiptavinir Krónunnar eru farnir að leita í auknum mæli að ódýrari valkostum í ljósi verðlagsþróunnar.
- Viðskiptavinir færa sig í auknum mæli frá alþjóðlegum vörumerkjum sem hafa hækkað mikið á undanförunum misserum, yfir í ódýrari valkosti.
- Gert er ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram á 3. ársfjórðungi.



Segir skyldu félagsins að reyna að sporna við hækkun á vöruverði til neytenda

Eilsabet Inga Sigurðardóttir skrifar · 14. júní 2022 21:00



Asta S. Fjeldsted er framkvæmdastjóri Krónunnar.

SIGURJÓN OLASON

NÝJAR VERSLANIR OG ENDURBÆTUR



- Ný 700 fermetra verslun var opnuð í Borgartúni 12. maí og hefur farið mjög vel af stað.
- Ný 1.500 fermetra verslun var opnuð 7. júlí í Skeifunni 19 sem er ein glæsilegasta verslun Krónunnar og með nýjungum eins og Olifa – La Madre pizzastaðinn sem hefur fengið virkilega góðar undirtektir. Mikil ánægja meðal viðskiptavina heilt yfir og salan hefur farið mjög vel af stað.
- Verslun Krónunnar á Akranesi var endurnýjað að öllu leyti á árinu og einnig fékk verslunin í Fitjum, Reykjanesbæ upplyftingu.
- Uppbygging glænýrrar og fyrstu verslunar Krónunnar á Akureyri gengur vel, en verslunin verður opnuð í lok nóvember.
- „Skannað og skundað“ sjálfsafgreiðslulausn Krónunnar er nú komin í 17 verslanir af 25.



ELKO HELSTU NIÐURSTÖÐUR 2F 2022



- Tekjur 3.950 millj. kr., aukning um 427 millj. kr. eða 12,1% á milli ára.
- Verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að ná sér á strik, gríðarleg aukning eða 704% milli ára.
- Aukning veltu einnig í Vefverslun en minnkun í öðrum verslunum.
- Framlegðarstig svipað milli ára en mikill þrýstingur vegna verðhækkana frá birgjum.
- EBITDA 343 millj. kr. lækkun um 2 millj. kr. eða 0,5% á milli ára.

	2F 2022	2F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	3.950	3.523	427	12,1%
Heildargjöld	(3.607)	(3.178)	(429)	13,5%
EBITDA	343	345	(2)	-0,5%
EBITDA-hlutfall	8,7%	9,8%	-1,1 p.p.	-11,3%
EBIT	217	242	(25)	-10,5%
EBIT-hlutfall	5,5%	6,9%	-1,4 p.p.	-20,2%
Hagnaður	164	177	(12)	-7,0%

 **6**
Raftækjaverslanir

50%
Markaðshlutdeild á
raftækjamarkaði


Fyrirmyndarfyrirtæki
VR 2022

NÝ VERSLUN OG UPPFÆRÐ VEFVERSLUN



- Ný glæsileg 1.400 fermetra verslun ELKO opnaði 7. júlí í Skeifunni 19 og leysir af hólmi eldri verslun. Þar fá hönnun og tækni að njóta sín, allt til að tryggja góða upplifun viðskiptavinarins. Í versluninni er sérstök áhersla lögð á að vera með sýningareintök af vöruframboði.
- Uppfærð vefverslun ELKO fór í loftið á fjórðungnum með pöntunarsíðu fyrir Flugstöð, nýju vöruupplýsingakerfi ofl.
- ELKO er fyrirmyndarfyrirtæki VR 2022, en þetta er í fyrsta skipti sem fyrirtækið tekur þátt.



ÖNNUR FYRIRTÆKI HELSTU NIÐURSTÖÐUR 2F 2022

BAKKINN
vöruhótel

FESTI
fasteignir

- Tekjur 1.852 millj. kr., aukning um 108 millj. kr. eða 6,2% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna 885 millj. kr. samanborið við 845 millj. kr. á 2F 2021.
- Eigin not húsnæðis eykst í 88% samanborið við 85% á 2F 2021, aukning um 3 p.p..
- Sala 4 fasteigna á seinni helmingi árs 2021 lækkar EBITDA samstæðu milli ára.
- EBITDA 850 millj. kr. lækkar um 69 millj. kr. eða 7,5% á milli ára.

	2F 2022	2F 2021	Breyting	%
Heildartekjur	1.852	1.744	108	6,2%
Heildargjöld	(1.002)	(825)	(177)	21,4%
EBITDA	850	919	(69)	-7,5%
EBITDA-hlutfall	45,9%	52,7%	-6,8 p.p.	-12,9%
EBIT	553	579	(26)	-4,5%
EBIT-hlutfall	29,9%	33,2%	-3,3 p.p.	-10,1%
Hagnaður	116	72	44	61,5%

 **83**
Eignir í eigu
samstæðunnar

 **97%**
Húsnæðis í útleigu


 **88%**
Eigin not húsnæðis

EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR

Milljónir króna	30.6.2022	31.12.2021	Breyt.	%
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.624	4.744	(120)	-2,5%
Rekstrarfjármunir	33.856	32.544	1.312	4,0%
Leigueignir	7.924	6.155	1.769	28,7%
Fjárfestingarfasteignir	6.421	6.100	321	5,3%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.235	2.324	(89)	-3,8%
Eign í öðrum félögum	13	13	0	0,0%
Langtímakröfur	234	228	5	2,3%
Fastafjármunir alls	69.975	66.778	3.197	4,8%
Birgðir	12.462	9.545	2.917	30,6%
Viðskiptakröfur	6.011	4.757	1.254	26,4%
Aðrar skammtímakröfur	666	889	(223)	-25,1%
Handbært fé	2.085	4.003	(1.918)	-47,9%
Veltufjármunir alls	21.224	19.194	2.029	10,6%
Eignir samtals	91.198	85.972	5.227	6,1%

- Traustur efnahagsreikningur.
- Rekstrarfjármunir og fjárfestingareigna hækka vegna mikilla fjárfestinga frá áramótum.
- Vörubirgðir og viðskiptakröfur hækka í takt við hækkanir á hrávörumörkuðum, opnun nýrra verslana og vegna árstíðarsveiflu í rekstri.
- Handbært fé 2.085 millj. kr. í lok fyrsta ársfjórðungs sem er 1.918 millj. kr. lækkun frá áramótum

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða





EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR

Milljónir króna	30.6.2022	31.12.2021	Breyt.	%
Eigið fé	32.984	33.910	(927)	-2,7%
Skuldir við lánastofnanir	25.217	25.930	(713)	-2,7%
Leiguskuldir	7.596	5.869	1.727	29,4%
Tekjuskattskuldbinding	5.959	5.590	369	6,6%
Langtímaskuldir alls	38.772	37.388	1.384	3,7%
Skuldir við lánastofnanir	4.381	1.382	2.999	217,0%
Leiguskuldir	657	554	103	18,6%
Viðskiptaskuldir	7.567	7.022	545	7,8%
Aðrar skammtímaskuldir	6.839	5.716	1.123	19,7%
Skammtímaskuldir alls	19.443	14.673	4.770	32,5%
Skuldir og eigið fé alls	91.198	85.972	5.227	6,1%

- Eiginfjárlutfall 36,2% í lok annars ársfjórðungs.
- Kaup á eigin bréfum fyrir 1.031 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins og úthlutaður arður 1.563 millj. kr., greiddur í apríl 2022.
- Afborganir af vaxtaberandi lánnum námu 895 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins.
- Aðrar skammtímaskuldir hækka í takt við árstíðarsveiflu og aukin umsvif.
- Fjármagnsskipan samstæðunnar er í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.


Eiginfjárlutfall




SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐUNNAR Á 2F 2022

Milljónir króna	2F 2022	2F 2021	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	2.653	2.463	190	7,7%
Handbært fé frá rekstri	476	2.991	(2.515)	-84,1%
Fjárfestingar	(1.216)	(538)	(678)	126,0%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	256	456	(200)	-43,8%
Viðskipti við hluthafa	(1.757)	(1.371)	(386)	28,1%
Viðskipti við lánastofnanir	1.644	(872)	2.516	-288,6%
Gengismunur af handbæru fé	28	4	24	575,7%
Handbært fé í lok tímabils	2.085	3.134	(1.050)	-33,5%

- Handbært fé frá rekstri nam 476 millj. kr. og lækkar um 2.515 millj. kr. milli ára vegna aukinnar fjárbindingar í vörubirgðum og viðskiptakröfum.
- Fjárfestingar námu 1.216 millj. kr. á 2F 2022, aukning um 678 millj. kr. milli ára.
- Greiddur arður nam 1.563 millj. kr. og kaup á eigin bréfum 195 millj. kr.
- Afborganir af vaxtaberandi lánum námu 695 millj. kr. en ný skammtímalán 2.500 millj. kr.
- Lækkun handbærs fjár á 2F 2022 nam 568 millj. kr.



GENGI HLUTABRÉFA Í KAUPHÖLL



Hluthafar (10 stærstu)

	%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,6
Gildi - lífeyrissjóður	9,9
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	9,8
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	7,8
Birta lífeyrissjóður	6,8
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,6
Stapi lífeyrissjóður	4,5
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,7
Íslandsbanki hf.	3,4
Festa - lífeyrissjóður	3,4

Markaðsupplýsingar

Útgefnir hlutir	310 m.
Markaðsvirði í lok jún. 2022	65.000 m.kr.
Markaðsvirði í lok jún. 2021	65.738 m.kr.
Fjöldi hluthafa	1.154



Staða og horfur

STAÐA OG HORFUR ÁRIÐ 2022

Afkomuspá ársins 2022

- EBITDA spá Festi fyrir árið 2022 er hækkuð um 400 millj. kr. og er nú áætluð á bilinu 9.800 – 10.200 millj. kr.

Forsendur og áhætta:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands

Helstu atriði:

- Rekstur fjórðungsins gekk betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Áframhaldandi hækkanir á hrávörumörkuðum á fjórðungnum.
- Aukin verðbólga á alþjóðamörkuðum þ.m.t. Íslandi.
- Mikill þrýstingur á framlegðarstig.
- Unnið þétt með birgjum til að tryggja vöruframboð og leitað allra leiða til að ná fram hagkvæmni til að vinna á móti verðhækkunum sem nú ganga yfir.

Fjárfestingar og viðskipti við hluthafa:

- Fjárfestingar á 2F 2022 námu 1.216 millj. kr. og samtals 3.115 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins.
- Fjárfestingar áætlaðar 5.500 millj. kr. árið 2022.
- Keypt eigin bréf á 2. ársfjórðungi 2022 fyrir 195 millj. kr.
- Arður að fjárhæð 1.563 millj. kr. var greiddur 8 apríl sl.

FYRIRVARAR

- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.